# PUNKTAKERFI JSÍ 2020

Neðangreint punktakerfi er notað við val á landsliðamönnum og þarf lágmark **50** punkta og þátttöku í minnst **þremur** punktamótum JSÍ til að koma til greina.
Fyrst skal taka mið af A-röðun (erlend mót, IJF/EJU ranking) og ef menn eru jafnir þar þá skal líta á B-röðun.
Ef menn eru jafnir í B-röðun þá raðast sá ofar sem hefur fleiri punkta úr Íslandsmeistaramóti síðan Afmælismóti þá Vormóti og loks Haustmóti.
Taka skal mið af ástundun og líkamlegu ástandi judoka þ.e. hvernig hann hefur komið út úr þrek og aflprófum undir stjórn landsliðsþjálfara.
Landsliðsþjálfari/landsliðsnefnd getur litið framhjá punktakerfi þessu við val í landslið sé ástæða talin til en þarf þó samþykki stjórnar JSÍ.

## A- röðun seniors

| Seniors | Continental Open | Grand Prix | EM sen & HM juniora | Grand Slam | Masters | Heimsmeistaramót | European Cup Seniors | NM/Matsumae/GSSE og sambl. mót að mati JSÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. sæti** | 100 | 700 | 700 | 1000 | 1800 | 2000 | 70 | 42 |
| **2. sæti** | 70 | 490 | 490 | 700 | 1260 | 1400 | 42 | 28 |
| **3. sæti** | 50 | 350 | 350 | 500 | 900 | 1000 | 28 | 14 |
| **5. sæti** | 36 | 252 | 252 | 360 | 648 | 720 | 14 | 6 |
| **7. sæti** | 26 | 182 | 182 | 260 | 468 | 520 | 6 | |
| **1/16** | 16 | 112 | 112 | 160 | 288 | 320 | | |
| **1/32** | 12 | 84 | 84 | 120 | | 240 | | |
| **1. vinningur** | 10 | 70 | 70 | 100 | 216 | 200 | | |
| **Þátttaka** | | 6 | 6 | 10 | 200 | 20 | | |

## A- röðun Cadet & Juniors

| Cadet & Juniors | Continental Cup | Evrópumeistaramót | Heimsmeistaramót | NM/Matsumae/GSSE og sambl. mót að mati JSÍ |
|---|---|---|---|---|
| **1. sæti** | 100 | 200 | 500 | 42 |
| **2. sæti** | 60 | 120 | 300 | 28 |
| **3. sæti** | 40 | 80 | 200 | 14 |
| **5. sæti** | 20 | 40 | 100 | 6 |
| **7. sæti** | 16 | 32 | 80 | |
| **Hver vinningur** | 2 | 6 | 12 | |
| **Þátttaka** | | 2 | 4 | |

## B- röðun, mót innanlands

| Senior, U21 & U18 | Afmælismót/RIG | Afmælismót yngri | Vormót - allir aldursflokkar | Íslandsmót allir aldursflokkar | Haustmót allir aldursflokkar |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. sæti** | 30 | 20 | 20 | 30 | 20 |
| **2. sæti** | 20 | 10 | 10 | 20 | 10 |
| **3. sæti** | 10 | 5 | 5 | 10 | 5 |

*** Enginn vinningur 0 punktar nema ***

Fyrir utan EJU/IJF mótin þarf tvo vinninga til að vinna sér inn punkta á þeim mótum erlendis sem telja að mati JSÍ en innanlands þarf minnst einn vinning.
* Í keppni innanlands ef keppendur eru aðeins tveir í flokknum þá eru líka gefnir punktar fyrir annað sætið án vinnings.
* Ef aðeins einn keppandi stendur eftir í flokki þegar vigtun er lokið (aðrir mættu ekki/stóðust ekki vigt) verða punktar skráðir á hann fyrir 1. sætið í þeim þyngdarflokki. Hann má hann engu að síður keppa í næsta þyngdarflokki ofar þar sem fyrir eru keppendur en fær enga punkta þar en aðrir í sameinuðum flokki fá punkta í samræmi við árangur og punktakerfi.
* Ef í sameinuðum flokki eru aðeins tveir keppendur úr sitthvorum þyngdarflokknum þá keppa þeir og fá báðir punkta fyrir 1. sæti í þeim flokki sem þeir vigtuðu sig í.

Fjórir bestu árangrar erlendis verða lagðir saman og þrír bestu innanlands.
Punktar fást ekki fyrir keppni í opnum flokkum.
Punktar sem gefnir eru í A röðun fylgja punktakerfi EJU/IJF hverju sinni.